

Úrskurður nr. 2/2006.

Kærður er úrskurður tollstjóra en í honum eru endurákvörðuð aðflutningsgjöld vegna innflutnings bifreiðar. Kærandi krefst þess að reikningsverð verði lagt til grundvallar við útreikning tollverðs. Ríkistollanefnd fellst á kröfu kæranda í málinu.

Með bréfi, dags. 22. ágúst 2006. kærir L., f.h. A., úrskurð tollstjóra sem upp var kveðinn 26. júní s.l. Í hinum kærða úrskurði hafnar tollstjóri uppgefnu viðskiptaverði á bifreið af gerðinni Mercedes Benz S 400 CDI, árgerð 2002, fastanúmer UH-737, og ákvarðar tollverð á grundvelli 20. og 21 gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun að tollverð bifreiðarinnar skuli vera kr. 2.492.905. Kærandi krefst þess að úrskurði tollstjóra verði hnekkð og aðflutningsgjöld umræddrar bifreiðar verði ákvörðuð á grundvelli fyrirliggjandi kaupverðs samkvæmt reikningi EUR 17.241,37.

Í málavaxtalýsingu kæranda kemur m.a. fram að umbjóðandi hans hafi flutt til landsins bifreiðina UH-737 sem er af gerðinni M.Benz S400 CDI, árgerð 2002. Kærandi segir umbjóðanda sinn hafa lagt fram öll gögn sem hann hefur handbær og leggur ríka áherslu á að taka beri fullt tillit til frumreiknings vegna kaupanna að upphæð EUR 17.241,37. Fram kemur að bifreiðin var keypt á bílasölu í Þýskalandi og flutt inn til landsins í sendingu U NOR 24 10 5 DK HAN 0009.

Þá segir að í bréfi tollstjóra, dags 9. nóvember 2005, hafi embættið hafnað frumriti vörureiknings og umsamins viðskiptaverðs og að það verði lagt til grundvallar við ákvörðun tollverðs. Ekki hafi komið fram neinar haldbærar skýringar á þeirri ákvörðun. Kærandi mótmælti þessari ákvörðun tollstjóra, telur hana duttlunga og telur að farið sé gegn skýrum reglum tollalaga og reglugerð um tollverð og tollverðsákvörðun. Hann telur að innflytjandi hafi lagt fram öll þau gögn sem hann hafi haft handbær um kaup og innflutning á bifreiðinni og/eða verið beðinn um, s.s. reikning fyrir kaupunum, staðfestingu seljanda á því verði sem þar sé tilgreint. Þá séu upptalin þau atriði sem höfðu áhrif á endanlegt verð, s.s. lakkskemmdir að framan og að bifreiðin sé ekki fullbúin sem S klassa bifreið. Engin smurbók hafi fylgt bifreiðinni og því ekki hægt að sýna fram á reglulegt viðhald hennar og reglulegar skoðanir. Hurðalista hafi vantað á bílstjóratur sem bendi til þess að eitthvað hafi komið fyrir bifreiðina, jafnvel tjón. Þá sé bifreiðin ekki útbúin topplúgu sem flestar bifreiðar af þessari gerð séu með. Jafnframt vekur kærandi athygli á að bifreiðin hafi verið framleidd á árinu 2001, því til sönnunar bendir hann á að stafur nr.10 í VIN númeri bifreiðarinnar staðfesti það. Fyrsti skráningardagur bifreiðarinnar var júní 2002. Þetta séu atriði sem hafi áhrif á verð.

Kæranda virðist sem svo að tollstjóri taki ekki heldur tillit til röksemda kæranda, sbr. það sem fram kemur í hinum kærða úrskurði því þar er gengið svo langt að staðhæfa að skýringar á gjaldeyriskaupum og greiðslum erlendis skorti, sbr. orðalagið,.... loks hafi innflytjandi ekki uppi neina tilburði í þá veru að sýna fram á gjaldeyrisyfirfærslur af sinni hálfu,....

Þessum vinnubrögðum er mótmælt. Ljóst sé að embættið haldi ekki gögnum til haga, og ámælisvert af tollstjóra að kveða upp úrskurð án þess að hafa þau gögn sem þegar hafi verið send inn með málinu. Þessa staðhæfingu sannar viðurkenning tollstjóra sjálfs með að hann hafði ekki undir höndum bréfið frá D. Marinovic- Autohandel Frankfurt, Þýskalandi frá 26.11.2005. Tollstjóri gaf heldur ekki færi á að bíða eftir því þegar í ljós kom á síðustu klukkustundum fyrir úrskurð í málinu að ekki vannst tími til að senda þau til embættisins með símbréfi.

Kærandi segir umbjóðanda sinn, þ.e. innflytjanda bifreiðarinnar, hafa farið til Þýskalands til að eiga viðskiptin með bifreiðina og tekið peninga meðferðis og greitt kaupverðið sjálfur til seljanda erlendis. Ekki hafi verið búið að velja bifreið áður, ferðin hafi verið sambland af ferð til að kaupa bifreið og stuttri helgar- og skemmtiferð.

Kærandi leggur fram sundurliðun á gjaldeyriseyðslu umbjóðanda síns. Þar kemur fram að innflytjandi hafi keypt bifreiðina á EUR 20.000,- og fengið endurgreiddan virðisaukaskatt vegna útflyttings hennar EUR 2.750,-. Innkaupsverð bifreiðarinnar sé því EUR 17.241,34. Í gögnum málsins er tíunduð frekari gjaldeyrisnotkun sem ekki hefur áhrif á það mál sem hér er til umfjöllunar og verður hún ekki rakin hér.

Kærandi átelur þann málsmeðferðartíma sem það tók embætti sýslumanns að kveða upp endanlegan úrskurð í málinu og mótmælir því að ekki sé byggt á innsendum gögnum og skýrum reglum.

Að lokum ítrekar kærandi kröfuna um að álagning aðflutningsgjalda verði ekki byggð á fram komnum gögnum innflytjanda. Staðhæfingar innflytjanda styðjast við gögn er sanni frásögn hans í öllum liðum. Gögn vegna gjaldeyriskaupa og vottorð seljanda sem sé bílasali í Þýskalandi séu alveg skýr. Upplýsingar sem veittar voru og upplýsingaskortur að nokkru leyti við kaupin höfðu áhrif á endanlegt verð sem sé trúverðugt.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að innflytjandi hafi flutt umrædda bifreið til landsins frá Þýskalandi þann 24. október 2005. Aðflutningsskýrsla ásamt fylgigögnum hafi verið móttækin hjá embættinu þann 26. október 2005. Þar kemur fram að kaupverð bifreiðarinnar sé EUR 17.241,37.- og tollverð bifreiðarinnar reiknað kr. 1.366.407. Tollstjóri óskaði eftir skýringum á innkaupsverði ökutækisins í bréfi til innflytjanda, dags. þann 28. október 2005. Þær bárust með bréfum innflytjanda dagsettum 31. október 2005 og 2. nóvember 2005. Tollverð umræddrar sendingar var ákvarðað kr. 2.492.905.-, með bréfi tollstjóra dags. 9. nóvember 2005. Tollverðsákvörðun tollstjóra var kærð til úrskurðar tollstjórans á Seyðisfirði með bréfi frá lögmanni innflytjanda, dags. 19. desember 2005. Innflytjandi tollafgreiddi síðan bifreiðina samkvæmt áður nefndu ákvörðun tollverði tollstjóra, með fyrirvara um réttmæti tollverðsákvörðunarinnar, hinn 25. janúar 2006, og gilda því ákvæði tollalaga nr. 88/2005 um úrlausn þessa máls, sbr. 196. gr. þeirra laga.

Þá segir í hinum kærða úrskurði að í 14. gr. tollalaga nr. 88/2005, sé að finna þá meginreglu að tollverð innfluttrar vöru sé viðskiptaverð hennar, þ.e. það verð, sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vörurnar við sölu þeirra til útflutnings til landsins með þeim leiðréttingum sem leiðir af ákvæðum 15. gr. Um tollverð og tollverðsákvörðun gildir reglugerð nr. 374/1995, með síðari breytingum. Grunnregla 14. gr. tollalaga er ítrekuð í 2. gr. tollverðsreglugerðarinnar, en þar kemur fram að tollverð innfluttrar vöru sé viðskiptaverð hennar, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hana með þeim leiðréttingum sem leiði af ákvæðum 3. gr. að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þau skilyrði sem sett eru fyrir því að viðskiptaverð vöru sé lagt til grundvallar eru tilgreind í a.-e. lið 2. gr. tollverðsreglugerðarinnar. Fram kemur í e. lið reglugerðarinnar að viðskiptaverðið verði lagt til grundvallar ef tollstjóri dregur ekki í efa sannleiksgildi upplýsinga um viðskiptaverð í aðflutningsskýrslu eða fylgiskjölum.

Í V. kafla reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun sé að finna sérákvæði vegna innflutnings ökutækja. Í 17. gr. reglugerðarinnar komi fram að við tollafgreiðslu ökutækis skuli tollstjóri bera viðskiptaverð þess eins og það kemur fram í aðflutningsskýrslu eða fylgiskjölum saman við viðmiðunarverð ökutækja af sömu tegund, undirtegund og árgerð í því landi sem ökutækið var keypt. Tollstjóra beri að athuga hvort viðskiptaverð ökutækis sem um ræðir sé óeðlilega lágt miðað við ástand þess, innflutningsverð sams konar ökutækis sem flutt er eða hefur verið flutt til landsins á sama tíma eða markaðsverð sambærilegra ökutækja erlendis.

Í 18. gr. reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun, komi fram að gefi eftirlit tollstjóra skv. 17. gr. réttmæta ástæðu til að draga í efa sannleiksgildi aðflutningsskýrslu eða fylgiskjala skuli tollstjóri krefja innflytjanda um nánari skýringar eða gögn til sönnunar því að viðskiptaverðið sé réttilega tilgreint í gögnum þessum, sbr. 7. gr. sömu reglugerðar.

Í 19. gr. tollverðsreglugerðarinnar komi fram að ríkistollstjóri skuli safna saman upplýsingum frá hlutlausum aðilum erlendis frá um viðmiðunarverð ökutækja í þeim löndum sem helst má vænta innflutnings frá og sjá til þess að tollstjórar eigi greiðan aðgang að upplýsingum þessum.

Tollstjóri segir ljóst að með hliðsjón af framansögðu hafi honum borið að kanna sjálfstætt viðmiðunarverð annarra ökutækja og ástand ökutækja, óháð því hvort reikningar eru taldir trúverðugir eða ekki. Við verðmætamat bifreiðarinnar sem kveðið er á um í 17. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun, kveðst tollstjóri hafa stuðst við upplýsingar úr gagnagrunni DAT eða Deutsche Automobil Treuhand GmbH. (stofnun svipuð Ísl Bílgreinasambandinu) sem tekur saman gangverð ökutækja í Þýskalandi og gefur út á heimasíðu sinni og geisladiskum. Verð hinnar innfluttu bifreiðar, M.Benz S400 CDI, árgerð 2002, er samkvæmt framlögðum reikningi EUR 17,241,37.- en viðmiðunarverð samkvæmt DAT er EUR 28,000.- Uppgefið verð á framlögðum reikningi bifreiðarinnar UH-737 er því um 38% lægra en viðmiðunarverð embættisins samkvæmt DAT.

Þá segir í hinum kærða úrskurði að embættið hafi óskað eftir skýringum innflytjanda á grundvelli 7. gr. reglugerðar um tollverð og tollverðsákvörðun og 1. mgr. 24. gr. þágildandi tollalaga nr. 55/1987 svo að ekki þyrfti til þess að koma að embættið hafnaði því að framlagður vörureikningur yrði lagður til grundvallar ákvörðunar tollverðs bifreiðarinnar. Var þá óskað eftir eftirfarandi gögnum og skilríkjum:

1. Gögnum sem staðfestu greiðslur (t.d. gögn um gjaldeyrisyfirfærslur), bæði til seljanda og eða til þess er séð hefði um kaupin.
2. Frumrit vörureiknings, sbr. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 228/1993 um tollskýrslur og fylgiskjöl þeirra.
3. Afrit af útflutningsskýrslu.
4. Öðrum þeim gögnum er skýrt gætu lágt innkaupsverð bifreiðarinnar.

Tollstjóri taldi skýringar innflytjanda sem fram koma í bréfum hans til embættisins, dags. 31. október 2005 og 2. nóvember 2005, á mismun framlagðs reiknings og viðmiðunarverði ófullnægjandi, reikninginn ótrúverðugan og ekki bæri að leggja hann til grundvallar við tollverðsákvörðun, sbr. 18. gr. og 8. gr. reglugerðar nr. 374/1995. Við skoðun starfsmanna embættisins á bifreiðinni hafi ekkert það komið fram sem skýrt gæti lágt verð hennar.

Þá segir í hinum kærða úrskurði að í IV. kafla tollverðsreglugerðarinnar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun sé mælt fyrir um hvernig tollverð skuli ákveðið þegar viðskiptaverð verður af einhverjum ástæðum ekki lagt til grundvallar. Meginreglan sé sú að leggja skuli til grundvallar viðskiptaverð sams konar vöru á sams konar viðskiptastigi, sem seldar séu eða fluttar inn á sama eða svipuðum tíma og varan sem verið er að virða, sbr. nánar 10. - 14. gr. tilvitnaðrar reglugerðar. Tollstjóri telur ekki unnt að beita 10. - 14. gr. tollverðsreglugerðarinnar í þessu tilfalli þar sem engin bifreið af sömu tegund, undirtegund og árgerð og sú bifreið sem mál þetta varðar var flutt inn á tímabilinu 24. júlí 2005 til 24. janúar 2006.

Tollyfirvöld hafa sett sér ákveðin mörk um það hversu mikið kaupverð ökutækja geti vikið frá viðmiðunarverði. Í öllum þeim tilvikum þegar kaupverð bifreiða víkur frá viðmiðunarverði umfram framangreind mörk þá fer embættið fram á frekari skýringar á lágu verði bifreiðarinnar frá innflytjanda, sbr. 18. gr. tollverðsreglugerðarinnar. Í kjölfar þeirra skýringa sem berast frá innflytjanda eru mál síðan skoðuð á ný og metið hvort framkomnar skýringar séu fullnægjandi. Séu skýringar ekki fullnægjandi ákvarðar embættið aðflutningsgjöld samkvæmt 10. - 14. gr. eða skv. 20. og 21. gr., sbr. 15. gr. eftir atvikum. Eins og að framan er rakið var innflutningur bifreiðar af sömu tegund, undirtegund og árgerð kannaðar á tímabilinu frá 24. júlí 2005 til 24. janúar 2006. Engin sams konar eða svipuð bifreið innflutt á þessu tímabili fannst við athugunina.

Tollstjóri ákvarðaði því tollverð bifreiðarinnar UH-737, skv. 15. gr. tollverðsreglugerðarinnar, sbr. ákvæði 20. og 21. gr. sömu reglugerðar og tilkynnti innflytjanda ákvörðunina með ábyrgðarbréfi, dags. 9. nóvember 2005, eins og fram er komið. Við þessa ákvörðun lágu fyrir framangreindar skýringar innflytjandans. Ekki var af hans hálfu skilað inn gögnum sem styddu fullyrðingar hans. Ekki var litið svo á að einhliða fullyrðing um það að vöruverð ætti að lækka vegna þess að smurbók vantaði kæmi til álita. Bifreiðin er skráð sem S-módel og engar skýringar komu frá innflytjanda á því hvers vegna hann teldi hana hafa aðra kosti en aðrar slíkar bifreiðar, né heldur hvaða ástæður ættu að liggja því til grundvallar. Enn síður voru sett fram af hans hálfu gögn er sýnt gætu fram á það hvaða áhrif það ætti að hafa á verðmat bifreiðarinnar. Loks hafði innflytjandi ekki uppi neina tilburði í þá veru að sýna fram á gjaldeyrisyfirfærslur af sinni hálfu, en víst þykir að hann hafi með einum eða öðrum hætti þurft að leysa til sín gjaldeyri til að geta staðgreitt bifreiðina.

Engin viðbótargögn eða skýringar bárust með kæru innflytjanda sem breytt gætu ákvörðun tollstjóra eins og hún kemur fram í bréfi hans, dags. 9. nóvember 2005. Frumrit reiknings lá þegar inni í málinu við ákvörðun tollverðs og fullyrðingar um að endanlegt verð hafi verið ákvarðað út frá lakkskemmdum framan á bifreiðinni og að bifreiðin hafi ekki verið fullbúin sem S klassi af bifreið hafa ekki áhrif á verðmat tollstjóra, enda kemur ekkert slíkt fram á frumriti reiknings. Á reikningnum er eingöngu að finna áritunina: "Der Verkauf erfolgt unter Ausschluss jeglicher Gewährleistung. Betrag bar erhalten., og mun þetta fela í sér yfirlýsingu seljanda um að hann svari ekki til galla eins og algengt mun vera í bílaviðskiptum. Bréf sem lögmaður kæranda segir meðfylgjandi kærinni, dags. 26. nóvember 2005 var ekki að finna í gögnum málsins við samning úrskurðarins, heldur aðeins enn eitt ljósrit af frumreikningi. Kallað var eftir bréfinu með símbréfi og símhringingum til lögmannsins. Innflytjandinn hafði samband við tollstjóra um miðjan dag hinn 26. júní og kvaðst myndu senda bréfið með rafpósti upp úr kl. fimm. Fékk hann uppgefin tvö tölvupóstföng til að senda erindi sitt. Þegar

bréfið hafði ekki borist kl. 21.00 var síðan ákveðið að leggja úrskurð á málið þó bréf þetta vantaði inn í gögn málsins.

Kærandi kveður bréf D. Marinoic- Autohandel Frankfurt Þýskalandi frá 26. nóvember 2005 efnislega fela í sér að fram komi af hálfu seljanda að innflytjandi hafi greitt 20.000 evrur fyrir bifreiðina og að verið hafi tekið mið af því að bifreiðin hafi verið skemmd og að hún hafi ekki haft alla þá eiginleika sem bifreið af sömu gerð hafi átt að vera búin. Ofangreint bréf sem sagt er hafa verið ritað 17 dögum eftir að tollstjóri sendi innflytjanda tilkynningu um ákvörðun um hærra tollverð, en fram kemur á innflutningsskýrslu, þykir ekki trúverðugt. Verður það ráðið m.a. af skoðun tollvarða á bifreiðinni sem leiddi ekki í ljós neina umtalsverða eða áberandi galla á henni. Útflutningsskýrsla ber með sér að bifreiðin sé S-model eins og tollstjóri reiknar með, auk þess sem hún er skráð sem slík í ökutækjaskrá og liggja þau gögn frammi í málinu. Með hliðsjón af ofanskráðu úrskurðar tollstjóri að tollverð bifreiðarinnar UH-737 skuli ákveðið á grundvelli 20. og 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun og skuli vera kr. 2.492.905-.

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar með bréfi dags. 23. ágúst 2006. Í svari sem barst nefndinni 20. september s.l. segir m.a.:

“Í áðurnefndu kærubréfi til ríkistollanefndar, dags. 22. ágúst 2006, telur innflytjandi að tollstjóri gefi ekki nægar skýringar á ákvörðun sinni um að hafna viðskiptaverði bifreiðarinnar, eins og það er tilgreint í gögnum málsins.

Í úrskurði nr. 2/2006, bls. 4, kemur eftirfarandi fram:

“Tollyfirvöld hafa sett sér ákveðin mörk um það hversu mikið kaupverð ökutækja geta vikið frá viðmiðunarverði. Í öllum þeim tilvikum þegar kaupverð bifreiða víkur frá viðmiðunarverði umfram framangreind mörk þá fer embættið fram á frekari skýringar á lágu verði bifreiðarinnar frá innflytjanda, sbr. 18. gr. tollverðsreglugerðarinnar. Í kjölfar þeirra skýringa sem berast frá innflytjanda eru mál síðan skoðuð á ný og metið hvort framkomnar skýringar séu fullnægjandi. Séu skýringar ekki fullnægjandi ákvarðar embættið aðflutningsgjöld samkvæmt 10.-14. gr. eða skv. 20. og 21. gr., sbr. 15. gr., eftir atvikum.”

Með vísan til þessa er rétt að taka fram að hvorki í ákvörðun tollstjóra, dags. 9. október 2005, né í úrskurði nr. 2/2006 sé tekið fram hvaða forsendur liggja að baki því viðmiðunarverði sem haft er til hliðsjónar við verðmætamat hinnar innfluttu bifreiðar. Embætti tollstjórans í Reykjavík telur að það þurfi að veita frekari upplýsingar þar um og má í því sambandi m.a. vísa til 22. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Í kærubréfi tekur innflytjandi einnig fram að tollstjóri byggi ekki úrskurð sinn á fyrirliggjandi gögnum m.a. með vísan til þess að í gögnum málsins hafi vantað bréf frá D. Marinovic – Autohandel, dags. 26. nóvember 2005. Í þessu sambandi telur embætti tollstjórans í Reykjavík rétt að áréttu að skv. 22. gr., sbr. 25. gr. og 28. gr. tollalaga nr. 88/2005 skal innflytjandi láta tollstjóra í té aðflutningsskýrslu og önnur tollskjöl vegna innfluttrar vöru. Tollgæslan óskaði eftir frekari gögnum með bréfi, dags. 28. október 2005, en umrætt bréf barst ekki og hafði enn ekki borist þegar sýslumaðurinn á Seyðisfirði kvað upp úrskurð sinn dags. 26. júní 2006, sbr. neðangreindan texta úrskurðarins:

“Bréf sem lögmaður kæranda segir meðfylgjandi kærinni dags. 26. nóvember 2005 var ekki að finna í gögnum málsins við samningu úrskurðarins, heldur aðeins enn eitt ljósrit af frumreikningi. Kallað var eftir bréfum með símbréfi og símhringingum til lögmannsins. Innflytjandinn hafði samband við tollstjóra um miðjan dag hinn 26. júní og kvaðst myndu senda bréfið með rafpósti upp úr klukkan fimm. Fékk hann uppgefin tvö tölvupóstföng til að senda erindi sitt. Þegar bréfið hafði ekki borist kl. 21:00 var síðan ákveðið að leggja úrskurð á málið þó bréf þetta vantaði inn í gögn málsins.”

Með vísan til ofanritaðs og forsendna hins kærða úrskurðar tollstjóra nr. 2/2006, er þess krafist að hann verði staðfestur, þ.e. að tollverð bifreiðar með fastanúmer UH-737 skuli ákvarðað á grundvelli 20. og 21. gr. reglugerðar nr.374/1995, með síðari breytingum, og skal tollverð bifreiðarinnar vera ISK 2.492.905.”

Ríkistollanefnd sendi greinargerð tollstjórans í Reykjavík til kæranda til umsagnar með bréfi, dags. 21. september 2006. Í svari sem barst nefndinni þann 13. október 2006 segir kærandi m.a. að greinargerð tollstjóra gefi tilefni til nokkurra athugasemda.

Viðurkennt sé í greinargerðinni að embætti tollstjóra beiti gögnum sem kallast viðmiðunarverð við ákvarðanatöku um gildi gagna sem lögð eru fyrir tollayfirvöld.

Þessi gögn séu ekki gerð opinber og ekki með neinum hætti unnt fyrir kæranda að koma á framfæri athugasemdum um þetta skjal. Þessi vinnubrögð stangast á við grunnreglur í stjórnsýslu um opnar efnisreglur, þannig að unnt sé að kynna sér þær og koma að athugasemdum sem gætu leitt til annarrar afgreiðslu en ella verður í einstöku máli. Innflytjandi hafi ekki haft nein tók á að leggja mat á það hvort svokallað viðmiðunarverð eigi réttilega við um bifreiðina og eins hvort viðmiðunarverðið sé marktækt. Kærandi telur að hafna beri því verklagi tollstjóra að beita svokölluðu viðmiðunarverði svo sem gert var og byggja verði ákvörðunina á innsendum gögnum kæranda um kaupverð bifreiðarinnar.

Þá segir í greinargerð kæranda að honum sé kunnugt um að tollstjóri samdi hinn kærða úrskurð í flýti þegar hann var á leið í orlof og í framhaldi af því að undirritaður hafi grennslast fyrir um það hverju það sætti að kæran á ákvörðuninni hefði enga afgreiðslu fengið en tilkynning um fyrirhugaða endurákvörðunin er frá 9. nóvember 2005 og ekki afgreidd fyrr í 26 júní 2006 með úrskurði.

Tollstjóri nefndi sjálfur að vottorð D. Marinovic Autohandel í Frankfurt, dags. 26. nóvember 2005 hefði týnst hjá embættinu og það um að sér yrði sent það að nýju. Það var reynt og faxesendingin komst ekki til skila þótt það væri reynt. Það er því rangt sem fullyrt er að umrætt bréf bílasalans hafi aldrei verið sent embættinu, enda um að ræða þýðingarmikið vottorð sem kærandi batt miklar vonir við og fráleitt að afgreiða málið án þess að hafa það.

Því er mótmælt að gengið sé fram hjá nefndu vottorði við ákvörðun tollstjórans eða endurskoðun á ákvörðun hans við þessar aðstæður að viðskiptamaður er að freista þess að senda skjal að nýju þar sem embættið hafði týnt sínu eintaki.

Að síðustu má nefna að þar sem ekki voru við kaupin á umræddri bifreið gögn sem sönnuðu hve mikið bifreiðinni hafði verið ekið fékkst verðið einnig vegna þess lækkað, enda hefur akstur og sönnunargögn um hann verulega þýðingu fyrir verðákvörðun notaðra bifreiða í Þýskalandi. Að þessu leyti er að nokkru um áhættutöku kaupanda að ræða sem kemur fram í endanlegu verði bifreiða.

Fyrirliggjandi gögn í málinu gefa heildstæða mynd af réttum viðskiptum. Kærandi hefur gert grein fyrir gjaldeyriskaupum vegna viðskiptanna og annars kostnaðar vegna ferðarinnar þegar hann keypti bifreiðina.

Ítrekaðar eru gerðar kröfur.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og hafa nefndarmenn kynnt sér þau gögn sem hafa verið lögð fram. Ágreiningur í máli þessu snýst um þá ákvörðun tollstjórans á Seyðisfirði að ákvarða tollverð á bifreið af gerðinni Mercedes Benz S400 CDI, árgerð 2002 sem var flutt til landsins frá Þýskalandi með sendingu U NOR 24 10 5 DK HAN 0009. Fastanúmer bifreiðarinnar er UH-737. Ekki liggur ljóst fyrir hvaða útfærslu af S bifreið um er að ræða en sé miðað við ódýrustu útfærslu bifreiðar sem keypt er í Þýsklandi í október 2005 og fyrst skráð í júní 2005 er viðmiðunarverð bifreiðarinnar samkvæmt DAT skránni 26431 evra án virðisaukaskatts í Þýskalandi. Samkvæmt upplýsingum innflytjanda er kaupverðið hins vegar 17.241 evrur án virðisaukaskatts eða 34,8% lægra en verðið skv. DAT skránni. Ljóst er að fram komið innkaupsverð bifreiðarinnar er umtalsvert lægra en viðmiðunarverð samkvæmt DAT eða Deutsche Automobil Treuhand GmbH.

Kærandi krefst þess að fyrirliggjandi vörureikningur verði lagður til grundvallar ákvörðun tollverðs. Hann hefur lagt fram bréf frá seljanda bifreiðarinnar, D. Marinoic- Autohandel Frankfurt Þýskalandi, þar sem fram kemur staðfesting á reikningsverði bifreiðarinnar og leitast við að skýra hið lága verð hennar. Í málatilbúnaði kæranda er talið upp sem skýring á hinu lága innkaupsverði bifreiðarinnar að það vanti smurbók með bifreiðinni, hún sé ekki fullbúin S-klassa bifreið, þá sé framleiðsluár hennar 2001. Enn fremur að á hana vanti lista á framhurð og á henni séu lakkskemmdir sem geti bent til að hún hafi lent í tjóni.

Nefndarmenn geta ekki fallist á það að vöntun á smurbók verðfelli bifreiðina. Sú staðhæfing kæranda að bifreiðin sé ekki fullbúin S klassa bifreið og hún hafi verið framleidd á árinu 2001 fær ekki staðist. Í gögnum sem nefndin aflaði sér kemur fram að bifreiðin er fullbúin sem S 400 bifreið. Hún hefur ýmsa aukahluti, s.s. litað gler, bakkskynjara, lagnir fyrir fjarskiptabúnað og Xenon aðalljós. Það að hún hafi ekki topplúgu eins og kærandi bendir á gerir ekki gæfumun í þessu sambandi. Þá er það staðfest að bifreiðin kom út úr verksmiðju framleiðanda 29. apríl 2002.

Ríkistollanefnd skrifaði tollstjóra bréf og óskaði eftir því að fá senda skoðunargjörð og myndir af bifreiðinni. Enn fremur frá hvað aðila og frá hvaða tíma útsöluverð það sem notað er við útreikning skv. 20. og 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995 er fengið. Í svari tollstjóra kemur fram

að hvorki eru til myndir né skoðunargerð vegna umræddrar bifreiðar í fórum embættisins. Í bréfinu segir að bifreiðin hafi verið skoðuð á sínum tíma og eftir því sem bréfitari veit best var hún í eðlilegu ástandi miðað við aldur og akstur, eins og sjá megi af gögnum málsins. Þá er það upplýst að umboðsaðili bifreiðarinnar Askja gaf upp verð á sambærilegri bifreið þar sem framleiðsla á þessari gerð bifreiða væri hætt. Uppgefið verð var 9 - 9.5 milljónir kr. miðað við staðalbúnað og var tollverð bifreiðarinnar reiknað út frá lægri tölunni.

Á undanförunum árum hefur ríkistollanefnd kveðið upp fjölmarga úrskurði vegna ágreinings um tollverð ökutækja. Þar hefur verið leitast við að leggja á það áherslu að tollverði verði ekki hafnað út á það eitt að innkaupsverð tækisins sé lægra en almennt viðmiðunarverð. Þar vegur ástand og útlit ökutækisins þungt. Það er því algert grundvallaratriði að mati nefndarmanna að tolfyrirvöld vandi sem frekast má allan málatilbúnað þegar beita á ákvæðum IV og V kafla reglugerðar 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun og hafna framlögðum reikningi. Viðkomandi ökutæki þarf því að skoða gaumgæfilega, gera skriflega greinargerð um ástand og útlit og taka myndir af ökutækinu. Þetta þarf að liggja fyrir ef til kærumeðferðar kemur.

Tollstjóri skrifaði innflytjanda bréf, dags. 28. október 2005, þar sem hann óskar efir skýringum og gögnum sem skýrt geti hið lága innkaupsverð bifreiðarinnar. Innflytjandi sendi tollstjóra gögn með bréfum, dags. 31. október og 2. nóvember 2005. Tollstjóri telur þessi gögn ekki geta skýrt hið lága verð bifreiðarinnar og ákveður að endurákværða verð skv. 20. og 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun. Innflytjandi útvegaði yfirlýsingu frá seljanda bifreiðarinnar, dags. 26. nóvember 2005, en í henni segir í lauslegri íslenski þýðingu: "Eins og um var talað þegar kaupin fóru fram er kaupanda bent á að ökutækið með grindarnúmeri WDB2200281A300502 var með eftirtöldum vanköntum (göllum): Dekk slitin, bifreiðin hefur verið lökkuð að framan, útbúnaður bifreiðar ófullnægjandi fyrir S klasa bifreið. Með vísan til framanritaðs var samið um kaupverð Bruttó 20.000. Euro Netto 17.241,37.

Það hefði vissulega glatt mig hefði ég fengið meira fyrir bílinn."

Tollstjóri kveðst ekki hafa fengið þessa yfirlýsingu seljanda og þegar innflytjandi reyndi að senda hana embættinu með rafpósti þann 26. júní s.l. misfórst það. Kærandi heldur því hins vegar fram að þessi yfirlýsing hafi glatast hjá tollstjóra en hennar er getið sem fylgiskjals með bréfum kæranda til tollstjóra, dags. þann 19. desember 2005 og 16. febrúar 2006. Tollstjóri segir þessa yfirlýsingu ekki trúverðuga og byggir það álit á annarri niðurstöðu tollvarða er skoðuðu bifreiðina en sú skoðun leiddi ekki í ljós neina umtalsverða galla á bifreiðinni. Það er mat nefndarmanna að tollstjóri hefði í öllu falli átt að bíða og nálgast þessa yfirlýsingu áður en hann kvað upp úrskurð sinn. Með vísan til framanritaðs lítur ríkistollanefnd svo á að nefnd yfirlýsing seljanda hafi legið fyrir sem gagn í málinu.

Tollstjóri tilkynnir innflytjanda þann 9. nóvember 2005 að hann hyggist endurákværða gjöld vegna innflutnings bifreiðarinnar. Rúmum sjö mánuðum síðar kveður hann upp úrskurð í málinu. Ríkistollanefnd átelur þennan drátt sem er óútskýrður.

Þegar öll framangreind atriði eru virt telur ríkistollanefnd þrátt fyrir að innkaupsverð er töluverð lægra en viðmiðunarverð skv. DAT ekki vera nægilegar ástæður til að hafna framlögðum reikningi.

Með vísan til framanritaðs kveður ríkistollanefnd upp eftirfarandi úrskurð: Með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 er hinn kærði úrskurður tollstjóra felldur úr gildi. Við útreikning tollverðs skal miða við reikningsverð skv. reikningi nr. 55/2005 útgefnum af D. Marinoic- Autohandel að upphæð Euro 17.241.37.